

REGLUGERÐ

nr. 150/1998

um mælingar á fiskilestum, með áorðnum breytingum.

sbr. rg. 445/1999 og rg. 359/2007

1. gr.

Íslensk skip sem stunda veiðar á samningssvæði NAFO [utan lögsagna á samningssvæði NEAFC og]¹ í lögsögu Jan Mayen og Noregs skulu frá gildistöku reglugerðar þessarar fullnægja reglum þeim sem í henni eru settar um mælingar fiskilesta og skráningu þeirra upplýsinga. Sé síðar í reglugerð áskilið að við tiltekna veiðar eða leyfi liggi fyrir mæling á fiskilestum og skráningu þeirra upplýsinga, skal farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Fiskilestir skipa skulu mældar sérstaklega og um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af og lýsingar á lestum þess, þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar.

3. gr.

Um borð í fiskiskipum þar sem aflu er dælt beint í lestar, t.d. í kælitanka, skulu vera skjöl sem sýna hvert rúmmál lestanna er með 10 sentimetra millibili frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

4. gr.

Upplýsingar sem fram koma á skjölum og teikningum skv. 2. og 3. gr. skulu vera á íslensku og ensku og staðfestar af Siglingastofnun Íslands. [Staðfesting Siglingastofnunar skal ekki vera eldri en fimm ára en þó ekki eldri en tveggja ára stundi skip veiðar á samningssvæði NAFO.]² Séu breytingar gerðar á lestum skips skal endurnýja skjöl og teikningar, sbr. 2. og 3. gr.

5. gr.

Starfsmenn Fiskistofu, Landhelgisgæslu, Siglingastofnunar Íslands og eftirlitsaðilar sem vinna að eftirliti með alþjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að, hafa rétt til að kanna skjöl og teikningar um mælingar á fiskilestum.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

¹ Rg. 445/1999, 1. gr.

² Rg. 359/2007, 1. gr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. mars 1998.

Þorsteinn Pálsson.